

Sp. 780. Tillaga til þingsályktunar [430. mál]

um arðgreiðslur viðskiptabanka í ríkiseign.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir er tryggi að viðskiptabankar í eigu ríkisins greiði eðlilegan arð af eigin fé bankanna í ríkissjóð.

Greinargerð.

Nú liggja fyrir reikningar um afkomu banka síðastliðið ár. Samkvæmt þeim hefur bankastarfsemi gengið vel á árinu 1987 og hagnaður verið umtalsverður. Athygli vekur að einkabankar landsins greiða eigendum sínum, hluthöfum, ákveðinn arð af hlutafjäreign. Árið 1987 var þessi greiðsla almennt um 10% af hlutafé. Á sama tíma á engin sambærileg greiðsla sér stað hjá viðskiptabönkum í ríkiseign þrátt fyrir mjög góða rekstrarafkomu.

Eðlilegt er, miðað við aðstæður, að viðskiptabankar í eign ríkisins greiði ákveðinn arð í samræmi við eigið fé til ríkissjóðs (eigenda) á sama hátt og einkabankar greiða arð af hlutafé. Þessi þingsályktunartillaga er þess vegna fram borin. Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkisstjórn fyrir hönd eigenda geri þær kröfur til viðskiptabanka í ríkiseign að þeir greiði að minnsta kosti 10% arð af eigin fé í ríkissjóð vegna afkomu ársins 1987.

Í þessu felst einnig nokkur jöfnun á samkeppnisaðstöðu milli viðskiptabanka í ríkiseign annars vegar og einkabanka og sparisjóða hins vegar.

Lágmarkskrafa nútímaviðskiptahátta er að rekstraraðilar í sambærilegum rekstri sitji við sama borð.